

Jarðhitafélag Íslands

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2013 - 2014

Aðalfundur 30. apríl 2014

Ágætu félagsmenn,

Að baki er enn eitt viðburðaríkt ár í jarðhitageiranum á Íslandi. Þó svo að umsvif jarðhitageirans hér innanlands hafi ekki náð aftur þeim hæðum sem starfsemin náði á síðustu árunum fyrir bankahrun er geirinn heldur að taka við sér. Alvara ríkir í viðræðum um orkusölusamninga við allnokkra aðila og áfram er horft til jarðvarmavirkjana til að mæta þeirri eftirspurn. Vonir standa til að framkvæmdir við Þeistareykjavirkjun hefjist síðar á árinu til að mæta aukinni eftirspurn á Norðausturluta landsins. Unnið er að undirbúningi að tengingu Hverahlíðarsvæðisins til að tryggja óbreyttan rekstur Hellisheiðarvirkjunar og nú er u.þ.b. að hefjast niðurdæling brennisteinsvetnis, sem hreinsað hefur verið úr útblæstri Hellisheiðarvirkjunar og verður spennandi að sjá hvernig til tekst með verkefnið. Víða um land standa hitaveitur að viðhaldi veitukerfa sinna og á liðnu ári var ný jarðhitaveita tekin í notkun á Skagaströnd. Erlendis halda íslensk fyrirtæki áfram að hasla sér völl. Orka Energy undirbýr byggingu 50 MW virkjunar á Filippseyjum og fyrirtækið Reykjavík Geothermal tilkynnti að fyrirtækið hygðist standa fyrir uppbyggingu á allt að 1000 MW raforkuvinnslu á nokkrum jarðhitasvæðum í Eþíópíu. Starfsemi ORKU og RG býður upp á mikil tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki en bæði hafa þau nú þegar gert milljarðasamninga við önnur íslensk þekkingarfyrirtæki.

1. Starfsemi stjórnar JHFÍ

Á aðalfundi Jarðhitafélags Íslands 2012 var undirritaður, Bjarni Pálsson, kjörinn formaður félagsins til tveggja ára og þau Jakob S. Friðriksson, Magnús Þór Jónsson og Kristín Vala Matthíasdóttir stjórnarmenn til tveggja ára.

Á síðasta aðalfundi félagsins, þann 30. apríl 2013, gekk Jakob S. Friðriksson úr stjórn félagsins og var Hildigunnur Thorsteinsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Orkuveitu Reykjavíkur, kjörin í hans stað. Þá voru þeir Magnús Ólafsson og Claus Ballzus endurkjörnir til tveggja ára og Gústaf Adolf Skúlason til eins árs.

Benedikt Steingrímsson og Gunnar Ingi Gunnarsson voru kosnir til áframhaldandi starfa sem skoðunarmenn reikninga félagsins og Oddur B. Björnsson sem skoðunarmaður til vara.

Ný stjórn skipaði með sér verkum með þeim hætti að embætti voru óbreytt frá fyrri stjórn, auk Bjarna Pálssonar formanns var Kristín Vala Matthíasdóttir valin sem varaformaður, Gústaf Adolf Skúlason ritari, Claus Ballzus gjaldkeri og Magnús Ólafsson, Magnús Þór Jónsson og Hildigunnur Thorsteinsson meðstjórnendur.

Starfsemi stjórnar var með hefðbundnu sniði. Haldnir voru 7 fundir (fundir 110-116) og var mestum kröftum stjórnar beint að haust- og vorfundum félagsins.

2. Starfsemi Jarðhitafélags Íslands

Í starfsemi Jarðhitafélags Íslands starfsárið 2013-2014 ber einkum fimm atriði á góma, vorfundur 2013, haustfundur 2013 og nú vor- og aðalfundur 2014. Einnig var veittur í þriðja sinn styrkur til jarðhitánema í doktorsnámi til að kynna verkefni á erlendri ráðstefnu. Þá studdi Jarðhitafélag Íslands við umsókn Íslands um að halda World Geothermal Congress 2020, eða Ólympíuleika jarðhitageirans eins og sá stóri viðburður er stundum nefndur.

Vorfundur JHFÍ 2013

Vorfundur Jarðhitafélags Íslands 2013 var haldinn þann 30. apríl í húsakynnum Orkuveitu Reykjavíkur, að loknum aðalfundi félagsins. Bar hann yfirskriftina *Brennisteinsvetni og förgun affallsvatns frá jarðvarmanýtingu*.

Á fundinum kynnti Bjarni Már Júlíusson, verkefnisstjóri, átaksverkefni OR, HS og Landsvirkjunar um að greina áhrif brennisteinsvetnis frá jarðvarmanýtingu og heppilegar leiðir til að uppfylla ströng ákvæði reglugerðar um leyfilegan styrk brennisteinsvetnis í andrúmslofti í byggð.

Þá kynnti Dr. Þráinn Friðriksson, jarðefnafræðingur hjá ÍSOR, áskoranir við losun affallsvatns, svo sem efnamengun grunnvatns og hættu á skjálftavirkni samhliða niðurdælingu.

Sköpuðust líflegar umræður um erindin og héldu þær áfram að formlegri dagskrá lokinni yfir kaffiveitingum í boði Orkuveitu Reykjavíkur. Fundinn sóttu um 70 manns. Fundarstjóri var Kristín Vala Matthíasdóttir, varaformaður JHFÍ.

Haustfundur Jarðhitafélags Íslands 2013

Haustfundur JHFÍ var haldið í Háskólanum í Reykjavík þann 26. nóvember 2013 og bar yfirskriftina *Einföldun regluverks jarðhitánýtingar*. Umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigurður Ingi Jóhannsson, kynnti áform nýrrar ríkisstjórnar um einföldun regluverks atvinnulífsins í heild, þar með talið orkugeirans. Lagði ráðherra ríka áherslu á skilvirka starfsemi rammaáætlunar og mikilvægi þess að stjórnarsýslan ynni sem ein heild við að meta orkukosti. Í kjölfarið fylgdu erindi Kristínar Haraldsdóttir, forstöðumanns Auðlindaréttarstofnunar HR, sem bar heitið Regluverk jarðhitánýtingar, og kynning Auðar Andrésdóttur, sviðsstjóra umhverfis og öryggis hjá Mannviti, á starfi starfsskilyrðahóps Jarðvarmaklasans. Fundarstjóri var Halla Hrund Logadóttir, framkvæmdastjóri Íslenska orkuháskólans.

Ferðastyrkir JHFÍ til íslenskra doktorsnema

Á aðalfundi JHFÍ árið 2010 var samþykkt að næstu þrjú ár, 2010-2012, myndi félagið styrkja árlega íslenskan doktorsnema í jarðhitatengdum fræðum um allt að kr. 350.000, til að sækja alþjóðlega jarðhitaráðstefnu. Á síðasta aðalfundi var samþykkt að bjóða einn 300 þús. króna styrk til doktorsnema og tvo 100 þús. króna styrki til meistaranema. Að þessu sinni bárust 2 umsóknir frá doktorsnemunum en engin frá meistaranemunum. Niðurstaðan varð að veita styrkinn að þessu sinni Thecla Munanie Mutia, doktorsnema í umhverfisáhrifum jarðhitaverkefna við Háskóla Íslands. Thecla kynnti rannsóknir sínar á ráðstefnu GRC í Las Vegas í október sl.

3. Annað á döfinni í íslenska jarðhitaheiminum

Ein af undirstöðum Jarðhitafélags Íslands hefur verið þátttaka í Alþjóða jarðhitasambandinu IGA, sem stofnað var árið 1988. Jarðhitafélag Íslands hefur frá stofnun átt fulltrúa í stjórn IGA og Samorka rak skrifstofu sambandsins frá 2005-2010. Nú stjórn IGA var kosin sl. sumar. Jarðhitafélag Íslands á rétt á að stinga upp á 2 fulltrúum til kjörs í stjórn, þeim Bjarna Pálssyni og Árna Ragnarssyni, en þess utan lagði stjórnin til þá Lúðvík Georgsson, skólastjóra JHSP, og Alexander Richter hjá ThinkGeoenergy. Því voru 4 meðlimir JHFÍ meðal þeirra 50 sem kepptu um 30 sæti í stjórn IGA. Skemmst er frá því að segja að allir 4 hlutu kjör. Árni Ragnarsson var valinn ritari stjórnar og þeir Bjarni og Lúðvík eru formenn tveggja af fastanefndum og sitja því í framkvæmdastjórn.

Það hefur lengið verið markmið með þátttöku JHFÍ í IGA að sækjast eftir að halda heimsþing IGA, World Geothermal Congress, sem haldið er á 5 ára fresti og hefur því verið nefnt ólympíuleikar jarðhitageirans. Samorka sótti um að halda WGC 2010 og JHFÍ sótti um að halda WGC 2015. Í bæði skiptin lenti Ísland í öðru sæti í kjöri stjórnar.

Í framhaldi af hinni vel heppnuðu alþjóðlegu ráðstefnu Iceland Geothermal Conference 2013, sem haldin var í Hörpu og sótt af um 600 gestum frá um 50 þjóðlöndum, studdu Jarðhitafélag Íslands og Samorka umsókn Iceland Geothermal um að halda WGC 2020 fyrir hönd Íslands. Umsóknin var send IGA í mars og kynnt á stjórnarfundi IGA síðar í þeim mánuði. Ljóst er að samkeppnin er harðari en áður, en á móti Íslendingum sækja Bandaríkin, Kenýa, Filippseyjar, Chile og Þýskaland og Holland í sameiningu. Gert er ráð fyrir að niðurstaða fái í sumar.

Mikil gróska hefur verið á starfsárinu í kringum starfsemi jarðhitaklasanna tveggja, GEORG og Iceland Geothermal sem stundum hafa verið kallaðir „push“ og „pull“ klasarnir. Stóðu þeir fyrir fjölbreyttri dagskrá og oft í mjög náinni samvinnu. Má þar nefna sprotasamkeppnina Startup Energy Reykjavík, sem nú stendur yfir.

4. Lokaorð

Á þessum fundi lýkur kjörtímabili Kristínar Völu Matthíasdóttur, varaformanns, Gústafs Adolfs Skúlasonar, ritara, Magnúsar Þórs Jónssonar og undirritaðs, Bjarna Pálssonar, formanns. Þau Kristín Vala og Magnús Þór gefa kost á sér til endurkjörs, Kristín Vala sem formaður. Gústaf Adolf og Bjarni segja hins vegar skilið við stjórn JHFÍ eftir setu í allnokkur ár. Vil ég sérstaklega þakka Gústaf fyrir mjög óeigingjarnt starf fyrir félagið en hann hefur samviskusamlega skrifað tugi fundargerða og haldið utan um daglega stjórn félagsins um árabíl. Starfið hefur verið ákaflega skemmtilegt og gefandi en tími er kominn til að hleypa fersku blóði að.

Fjármál félagsins eru með ágætum og verða rædd undir sérstökum dagskrárlið hér á eftir.

Félagið hóf rafræna bankainnheimtu félagsgjalda vegna ársins 2011, útgáfa reikninga þeirra vegna dróst nokkuð vegna tæknilegra örðugleika og vegna þess að uppfæra þurfti félagaskrá með því að safna kennitölum viðkomandi. Það er einlæg trú stjórnar að innheimta félagsgjalda í framtíðinni verði einfaldari með þessu móti og auðveldi vinnu þeirra sem að málinu koma.

Það er hins vegar áfram áhyggjuefni hve fáir hafa sótt um aðild að félaginu. Jarðhitafélag Íslands hefur haldið úti vettvangi hagsmunaaðila og áhugafólks um jarðhita til skoðanaskipta, haust- og vorfundi félagsins. Alltaf er af nógu af taka til umræðu á fundunum og erfitt að velja á milli

umfjöllunarefna. Mörg hagsmunamál tengd jarðhita og nýtingu hans eru í deiglunni og hafa verið um langa hríð. Það er okkar einlæga von að félagsmenn og aðrir áhugamenn um málefni jarðhitanýtingar sjái hag sínum borgið innan raða félagsins.

Að lokum vil ég þakka fyrir samstarfið á starfsárinu sem er að líða.

Fyrir hönd stjórnar Jarðhitafélags Íslands, Bjarni Pálsson, formaður